


„Ég fíla íslensku!“ – kennsluhefti fyrir byrjendur í íslensku sem öðru máli

Kennslubókin *Ég fíla íslensku!* er ætluð slóvakískumælandi byrjendum í íslensku sem öðru máli. Kennsluefnið er á stigi A0 og A1 samkvæmt samevrópskum viðmiðunarramma tungumála (e. *Common European Framework of Reference for Languages, CEFR*). Í bókinni er lögð áhersla á málakennslu í gegnum skynfæri sem gerir hana frábrugðna öðrum kennslubókum, sérstaklega vegna þess að aðferðin er vanalega notuð í tengslum við nám og kennslu barna frekar en fullorðinna. Aðferðin gerir fullorðnum kleift að nálgast viðfangsefni bókarinnar á óhefðbundinn og áhugaverðan hátt. Hér verður í stuttu máli greint frá hugmyndafræðinni að baki hönnun kennslubókarinnar og helstu áskorunum sem fylgdu gerð hennar.

Fyrir hverja er kennslubókin?

Ungt fólk og aðrir sem vilja læra íslensku geta nýtt sér bókina í sjálfsnámi. Markmiðið með henni er að bjóða upp á námsefni í íslensku fyrir ungt fólk sem hefur slóvakísku að móðurmáli og þannig vekja forvitni á tungumálinu. Leitast er við að skrifa textann í bókinni á einföldu máli svo ekki sé þörf á viðbótarskýringum. Þar af leiðandi er nánast allur texti þýddur yfir á markmálið, sem er slóvakíska í þessu tilfalli, og flest dæmi hljóðrituð á mjög einfaldan hátt. Einnig eru allar upplýsingar um merkingu orða og framburð beint undir dæmunum. Auk þess er sérhver síða bókarinnar einn heill kafli.

Þessi uppsetning gerir málnefum kleift að einbeita sér að því efni sem fjallað er um á síðunni án þess að þurfa að fletta í köflum á undan. Þannig er brugðist við auknum athyglisbresti í samfélaginu sem rekja má meðal annars til vaxandi upplýsingahraða á samfélagsmiðlum og hraðari lífsstíls. Dæmið hér að aftan sýnir samtal milli vina. Frasinn *Gefðu mér „high-five“!* hljómar alþjóðlega og því er ef til vill einfaldara fyrir byrjendur að muna hann.




Gefðu mér „high-five“! Daj mi „high-five“!
/gevdju mjer haj-fajv/

Uppsetning námsefnis í kennslubókinni


Kennslubókinni er skipt í fimm aðalþemu og efni þeirra tengist sjón, heyrn, snertingu, bragði og lyktarskyni. Einfaldar æfingar eru á nánast öllum blaðsíðum bókarinnar en aftast í bókinni er æfingahefti með lausnum þar sem nemendur geta skoðað rétt svör. Þess má geta að bókin hermir eftir uppsetningu smáforrita í snjallsímum sem raða kennsluefni oft í örstutta kafla ásamt mjög einföldum æfingum.

Umfjöllun um íslenska bókstafi er aftast í bókinni þar sem áherslan er lögð á heyrn. Þar má einnig hlusta á hljóðupptöku þar sem heyra má alla íslensku stafina sem og annað efni eins og vinsæl íslensk popptónlist. Þessi röðun kafla er dálítið óvenjuleg þar sem hún er oftast öfug í öðrum tungumálabókum. Yfirleitt eru upplýsingar um einstök hljóð fremst. Málnemar geta prófað sig áfram í framburði með því að lesa einfalda hljóðritun sem fylgir flestum dæmum í bókinni. Með því að leggja áherslu á bókstafi og hljóð aftast í bókinni skapast einnig tækifæri til að draga úr kvíða hjá þeim sem finnst erfitt að læra nýtt tungumál með því að bera fram einstök hljóð án samhengis.



Kennsluaðferðir í bókinni


Í kennslubókinni er lögð áhersla á nám og kennslu í gegnum skynfæri. Samkvæmt rannsóknum um notkun skynfæra í málakennslu eru meiri líkur á því að fólk muni eftir nýju námsefni ef fleiri en eitt skynfæri eru notuð. Sem dæmi má nefna bragð og kennslu orðaforða í tengslum við kæstasn hákarl. Einnig eru í bókinni dæmi um súrar gúrkur sem allir slóvakískumælandi námsmenn þekkja og þá geta þeir myndað sterkari tengingu milli orðaforða og bragðs.



hákarl žralok
/haukartl/

Færnipættirnir fjórir: hlustun, lestur, tal og ritun

Efni bókarinnar styður við alla fjóra færnipætti. Það er gert í gegnum samtöl sem bæði er hægt að lesa og hlusta á og æfingar þar sem fólk svarar skriflega eða les samtalsæfingar upphátt. Einnig er í bókinni dæmi um það að tala á innsoginu sem sjaldan er fjallað um í öðrum kennslubókum. Þetta er gert með því að sýna mynd af manneskju að tala. Hægt er að reyna að herma þessu dæmi.



já - já - já - jájájájájá - já, ég skil áno - áno - áno - nonononono - áno, cháþem
/jau - jau - jau - jaujaujaujaujau - jau jéþ skil/

innsogshljóð inchoatívný zvuk (=zvuk pri nádychu)
/insogshljoud/

Orðaforði og málfræði

Allur orðaforði í bókinni er þýddur úr íslensku á heimamál námsmanna, það er slóvakísku. Þessi aðferð auðveldar skilning einstakra orða í samhengi án þess að þurfa að fletta orðum upp í orðabók. Málfræði er kennd á óbeinan hátt, það er aðsegja hún er falin í samtölum og æfingum en kemur einnig fram í yfirlitstöflum. Öll fjögur föllin í íslensku eru kennd með dæmum þar sem orðin koma fyrir í samtölum.

Beygingarformin eru feitletruð eða merkt sérstaklega í yfirlitstöflum. Greina má frá því að beygingarkerfi slóvakísku er líkt því íslenska en slóvakíska er með sex föll.



tala við + Anna + þf. hovorit' s + Anna + akuz.
/tala við/

Anna

nf. nom.	Anna
þf. akuz.	Önnu
þgf. dat.	Önnu
ef. gen.	Önnu



12 (að tala við Egil | að tala við Önnu | að tala við Dag | að tala við Aró):

A: Góðan dag. Get ég fengið _____ (hovorit' s Annou)?


B: Já, augnablik.

Orð sem sjaldan eru kennd í kennslubókum fyrir byrjendur, eins og t.d. kýr, eru sýnd til þess að vekja athygli á efni sem verið er að lýsa í sambandi við málfræði. Hér að neðan er dæmi um notkun forsetninga.



▶ 33

A: **Hvar er kýrin?** Kde je krava?
/kvar er kírín/
B: **Hún er í fjósinu.** Je v maštali.
/hún er í fjousínu/



Menningarlæsi

Nokkur dæmi úr íslensku hversdagslífi má sjá í samtölum, myndskreytingum og lagatextum eftir íslenska tónlistarmenn. Hér að aftan er dæmi um samtál á milli vina í heita pottinum sem gefur innsýn í íslenska sundmenningu.



Í Breiðhóltslaug v breiðhóltskom bazéne (v bazéne v Breiðholte)
/i breiðhóltsloj/

▶ 36

A: Sæll og blessaður! Zdravím t'a!
/sajtl og blesadur/

B: Blessaður! Nazdar!
/blesadur /

A: Gaman að sjá þig hér. Rád t'a tu vídím.
/gaman að sjau thig hjér/

Kemurðu oft hingað? Chodievaš sem často?
/kemurdu oft hingad/

B: Já, ég kem reglulega hingað. Áno, chodievam sem pravidelne.
/jau jéch kem reglulega hingad/

En þú? A ty?
/en thú/

A: Ég fer oft í Árbæjarlaug. Ja chodievam často do bazénu v Árbær.
/jéch fer oft í aurbajarlojg/

En bara stundum hingað. Ale sem len zriedka.
/en bara stundum hingad/

B: Er ekki Árbæjarlaugin mikil fjölskyldulaug? Nie je ten bazén v Árbær skór tak pre rodiny?
/er ehki aurbajarlojin mikil fjolskildulojg/

A: Jú, hún er það, alltaf mikið að gera þar. Hej, je, vždy je tam plno.
/jú hún er thad altaf mikid að gera thar/



Tvö lög eftir fræga íslenska tónlistarmenn eru í bókinni: *Aquaman* eftir Clubdub & Ra:tio og *Vísur Vatnsenda-Rósu* sungið af Björk. Textarnir eru þýddir á slóvakísku og þeim fylgja myndskreytingar til að auðveldalesskilning. Hægt er að hlusta á lögin á YouTube.

horfðu á vídjóid á jútúb pozri si video na jútúbe
/horvdu au vídjouid au jútúb/

hlustaðu á lagið Aquaman vypočuj si pieseň Aquaman
/hlustadu au lajid akuaman/



lagatexti text piesne
/lagateksti/

CLUBDUB & Ra:tio: Auquaman

Kynhlutlaust mál

Dæmi um persónufornafnið *hán* og önnur kynhlutlaus orð í íslensku eru notuð í samtölum og yfirlitstöflum án þess að vekja sérstaka athygli á þeim. Þetta er gert til þess að stuðla að inngildingu í málanámi óháð kynvitund námsmanna. Þessari stefnu fylgir þó sú áskorun að finna raunveruleg notkunardæmi. Sem dæmi má nefna orðin *kærasti* (kk.), *kærasta* (kvk.) og *kærast* (hvk.). Það síðastnefnda er ekki til í slóvakísku og því þurfti höfundur að búa til orðið *frajeren* sem nýyrði.

eintala jednotné číslo
/ejntala/

minn tvoj
/min/

	kk. m.r.	kvk. ž.r.	hvk. st.r.	
→ ég	minn	mín	mitt	(môj)
þú	þinn	þín	þitt	(tvoj)
hann	hans			(jeho)
hún	hennar			(jej)
hán	háns			(jeho)
það	þess			(toho)

kærasti → **kærasti minn**
Þetta er **kærasti minn**.
/thehta er kajrasti min/

kærasta → **kærasta mín**
Þetta er **kærasta mín**.
/thehta er kajrasta mín/

kærast → **kærast mitt**
Þetta er **kærast mitt**.
/thehta er kajrast mich/

Nýstárleg kennslubók fyrir alla

Kennslubókin styður við sjálfsnám í íslensku sem öðru og erlendu máli þar sem áherslan er lögð á málakennslu í gegnum skynfæri. Í bókinni eru notuð dæmi úr daglegu lífi sem höfundur fann í mörgum tilfellum á samfélagsmiðlum eða öðrum vefsíðum. Notaðar eru einfaldar setningar og myndskreytingar til að tengja samræður við myndir. Einnig er hægt að hlusta á hljóðupptökur sem fylgja öllum samtölum og mörgum dæmum í bókinni. Dæmi í samtölum og yfirlitstöflur með beygingarmyndum lýsa málfræðinni en engar frekari útskýringar á notkun hennar eru í bókinni því að námsefnið á að vera auðskilið.

Rafræn útgáfa *Ég fíla íslensku!* er opin öllum og aðgengileg án endurgjalds. Hægt að prenta kennslubókina út og dreifa henni til þeirra sem hafa áhuga. Hafa má samband við höfund ef áhugi er á að þýða hana yfir á önnur tungumál.

Hér má nálgast kennsluheftið á [PDF-sniði](#).

Heimildir

- Branislav Bédi. 2025. [Ég fíla íslensku! Island?ina ma fakt baví!](#) Rannsóknarstofa í máltileinkun. Macedonia, Manuela. 2025. [Your Body as a Tool to Learn Second Language Vocabulary](#). *Behavioral Sciences* 15(8): 997.
- Poles, Alina. 2025. [Impact of Social Media Usage on Attention Spans](#). *Psychology* 1(6), 760–772.

Myndir

Branislav Bédi, Maroš Ružička og Jakub Gašpar.